

Skipulagsstofnun
b/t Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2020
UST202012-038/R.K.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matorka breyting á heimild til losunar næringarefna í frárennsli

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Um er að ræða breytingu á heimild í starfsleyfi um losun næringarefna í frárennsli fiskeldisstöðvar Matorku að Fells múla á Hellu. Matorka ehf. (hér eftir rekstraraðili) hefur sótt um breytingu á starfsleyfi, nánar til tekið grein 2.4 um efnałosun. Þar kemur fram að ekki skal losa meira en 7 kg af fosfór og ekki meira en 20 kg af köfnunarefni fyrir hvert framleitt tonn af fiski. Líkt og fram kemur í tilkynningu frá rekstraraðila þá má rekja losunarmörkin og misræmi þeirra við raun losun frá stöðinni við breytingu starfsleyfisins þann 16. mars 2016 þegar eldi á borra (líka nefnt beitarfiskur *Oreochromis niloticus*) lauk og stöðinni var heimilt að ala alfarið laxfiska.

Breytingarbeiðni

Umhverfisstofnun tekur undir að talsverður munur er á næringarefnainnihaldi í fódri borra og laxfiska sem veldur því að ekki sé hægt að verða við kröfu um losunarmörk 20 kg/framleitt tonn af köfnunarefni. Tekið skal fram að ekki var sótt um breytingu á þessu ákvæði við breytingu starfsleyfisins 2016 og því var ákvörðun Skipulagsstofnunar, um matsskyldu eldisins frá 18. janúar 2012, ekki könnuð fyrr en sótt var um fyrirbyggjandi breytingarbeiðni í maí sl.

Í nýjum starfsleyfum Umhverfisstofnunar fyrir eldi á laxfiskum eru mörk á losun fosfórs sett við 7 kg/tonn af lífmassaaukningu og fyrir köfnunarefni er það 60 kg/tonn af lífmassaaukningu þegar frárennslið er losað í ferskvatn.

Umhverfisáhrif

Eftirlit Umhverfisstofnunar fór fram 29. júní sl. og var eftirlitsskýrsla gefin út og birt þann 2. október sl. Þar kemur fram að eftirlitsaðili stofnunarinnar benti rekstraraðila á að losun á köfnunarefni væri fram yfir heimild í starfsleyfi. Þar kemur fram að: „Umhverfisstofnun

bendir á að í fylgiskjali starfsleyfis er gert grein fyrir grundvelli ákvæða um losun köfnunarefnis. Ákvörðun losunarmarka byggir á þeim upplýsingum um að rekstraraðili hygðist koma upp hreinsibúnaði með nýrri tækni sem myndi hreinsa köfnunarefni upp að því marki svo að losunarmörk 20 kg N/framleitt tonn. Þær forsendur voru lagðar fram í matskyldufyrirspurn og umsókn um starfsleyfi. Rekstraraðila ber að grípa til viðeigandi ráðstafana til að uppfylla ákvæði nágildandi starfsleyfis varðandi losunarmörk niturs (köfnunarefnis).“ Var einnig bent á ofangreint þegar breytingarbeiðnin var metin og benti Umhverfisstofnun á að tilkynna þyrfti breytinguna til Skipulagsstofnunar áður en stofnunin gæti tekið ákvörðun um breytingu á ákvæðinu.

Í eftirliti í júní 2020 kom einnig fram að nokkuð var um sýnilega froðu við útrás frárennslis í viðtaka sem gefur til kynna að hreinsun frárennslis væri ekki nægjanleg. Rekstraraðili brást við og hefur síðan staðfest með myndum af viðtaka að betra ástand sé við útrás sem bendir til þess að hreinsun frárennslis sé komin í betra horf. Ástand viðtaka verður skoðað nánar í næsta reglubundna eftirliti.

Umhverfisstofnun telur að breyting losunarmarka í samræmi við ákvæði annarra starfsleyfa fiskeldisstöðva sem ala laxfiska og losa frárennslis í ferskvatn sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Tryggja þarf að hreinsun frárennslis sé fullnægjandi en ákvæði í breyttu starfsleyfi mun kveða á um að rekstraraðili tryggi viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn, tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði. Hreinsun frárennslis og losun næringarefna verður áfram vöktuð í eftirliti stofnunarinnar.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur með vísan í framangreint að fyrirhuguð breyting á starfsleyfi Matorku á Hellu sé ekki líklegt til þess að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Steinar Rafn B. Baldursson
sérfræðingur